

25. samráðsfundur aðgerðarstjórnar Sveitarfélagsins Voga, 19. október 2020

Pátttakendur

Ásgeir Eiríksson, bærarstjóri, Daníel Arason forstöðumaður stjórnarsýslu, Vignir Friðbjörnsson, forstöðumaður eigna. Gestur fundarins er Ingþór Guðmundsson forseti bærarstjórnar

Staðan almennt

Staðfest smit í Sveitarfélaginu Vogum eru fjögur, fjórir í einangrun og átta í sóttkví. 54 staðfest smit eru á Suðurnesjum, 54 í einangrun og 261 í sóttkví.

Aðgerðarstjórn ræddi nýjar reglur heilbrigðisráðuneytisins og ákvað í ljósi allra aðstæðna að ekki sé ástæða til að slaka á þeim takmörkunum sem áður hafa verið settar og skulu þær gilda til mánudagsins 26. október hið minnsta. Markmið aðgerðastjórnar með þessum ákvörðunum er að verja skólastarf, starfsfólk sveitarfélagsins og alla íbúa þess

Sviðin hvert fyrir sig:

Grunnskólinn:

Óbreytt ástand. Skólinn er nánast lokaður fyrir utanaðkomandi heimsóknum

Frístund

Óbreytt ástand. Frístund starfar með eðlilegum hætti

Leikskólinn

Óbreytt ástand. Leikskólinn fylgir öllum tilmælum almannavarna og sóttvarnarlæknis.

Álfagerði

Óbreytt ástand. Matsalur Álfagerðis er lokaður öðrum en starfsfólki og íbúum. Áfram eru tilmæli um takmarkanir á heimsóknum

Íþróttamiðstöðin

Óbreytt ástand. Sundlaug og íþróttamiðstöð eru lokað fyrir almenningi. Starfsemi skólanna í miðstöðinni er óbreytt og UMFP hefur takmarkaðan aðgang að miðstöðinni eftir því sem ákveðið var á fundi aðgerðarstjórnar þann 7.10.

Félagsmiðstöðin

Óbreytt ástand. Félagsmiðstöðin starfar með eðlilegum hætti

Skrifstofan

Óbreytt ástand. Skrifstofan er lokað almenningi, engar heimsóknir leyfðar nema eftir pöntun og engir fundir haldnir í húsnæðinu. Fólk hvatt til að hafa samband símleiðis eða rafrænt

Umhverfideild

Óbreytt ástand. Lokað er fyrir utanaðkomandi heimsóknir í umhverfisdeildina

Önnur mál